

Skagafjörður – Lífsins gæði og gleði

Fjölskyldustefna

Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Sveitarfélagið Skagafjörður er öflugt og framsækið sveitarfélag sem kappkostar að veita íbúum tækifæri til að þroska hæfileika sína og áhuga. Sveitarfélagið leggur áherslu á að eiga gott samstarf við atvinnulíf, frjáls félagasamtök, stofnanir og aðra aðila í samfélaginu, sem til þess er fallið að bæta lífsskilyrði íbúa.

Sveitarfélagið Skagafjörður leggur áherslu á að styðja og styrkja fjölskyldur, þar með talið einstaklinga, með því að búa þeim skilyrði til vaxtar, þroska og hamingju. Mikilvægt er að allir fái notið hæfileika sinna, sjálfum sér og öðrum til góðs og samfélaginu til framfara.

Fjölskyldustefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar er ætlað að veita yfirsýn yfir helstu áherslur í starfsemi sveitarfélagsins er snerta málefni fjölskyldna og vera stefnumarkandi í einstökum málaflokkum eftir því sem við á hverju sinni.

Sveitarfélagið kappkostar að vera í fremstu röð í verndun umhverfis, náttúru og menningu þannig að Skagafjörður sé eftirsóttur til búsetu sem vistvænt sveitarfélag með aðlaðandi umhverfi.

Með fjölskyldustefnunni er leitast við að skapa sem heildstæðasta umgjörð utan um fjölskylduna og þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir henni.

Fjölskyldustefna nær til allra viðfangsefna sveitarfélagsins:

1. Stjórnsýsla
2. Ungmennaráð
3. Félagsþjónusta
4. Frístundaþjónusta, forvarnir og lýðheilsa
5. Fræðsluþjónusta
6. Menning
7. Atvinna
8. Umhverfi og skipulag
9. Samgöngur

STJÓRNSÝSLA

Stefna:

Stjórnsýsla Sveitarfélagsins Skagafjarðar miðar að því að mæta þörfum og aðstæðum íbúa með markvissum hætti. Hagsmunir þeirra eru hafðir að leiðarljósi við ákvarðanatöku. Ávallt skal gæta jafnræðis og jafnréttis gagnvart íbúum og finna ákvarðanatöku lýðræðislegan farveg. Lögð er áhersla á gagnsæi og góða stjórnsýsluhætti, skjóta afgreiðslu mála og gott aðgengi að upplýsingum.

Ábyrgð: Stjórnsýslu og fjármálasvið

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- *Tryggja að stofnanir sveitarfélagsins þekki og starfi í anda fjölskyldustefnu sveitarfélagsins.*
- *Kanna viðhorf íbúa sveitarfélagsins til þeirrar þjónustu sem veitt er og standa fyrir samráðsfundum um málefni sveitarfélagsins.*
- *Vinna að samþættingu þjónustu og auðvelda aðgengi að henni.*
- *Stuðla að því að sjónarmið beggja kynjanna komist að við stefnumótun og ákvarðanatöku á vegum sveitarfélagsins.*
- *Gæta þess að ekki viðgangist kynbundinn munur á launum og öðrum kjörum karla og kvenna sem vinna jafnverðmæt og sambærileg störf hjá sveitarfélaginu.*

UNGMENNARÁÐ

Stefna:

Sveitarfélagið Skagafjörður er fjölskylduvænt samfélag og leggur áherslu á að bjóða ungu fólki að taka þátt í mótun þess. Ungmennaráð skal vera starfandi í Sveitarfélaginu Skagafirði og vera sveitarstjórn til ráðgjafar í ákvarðanatöku og stefnumótun í málefnum sem snerta ungt fólk.

Ábyrgð: Stjórnsýslu og fjármálasvið og Fjölskyldusvið

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- *Auka aðkomu barna og unglinga að ákvarðanatöku um málefni sem snúa að þeim, t.d. með reglubundnum fundum kjörinna fulltrúa og ungmennaráðs.*
- *Auka sýnileika þess starf sem fram fer á vettvangi ungmennaráðs og annars skipulags vettvangs barna og ungmenna.*
- *Stuðla að auknu nemendalýðræði og hvetja til aukinnar aðkomu í ákvarðanatöku grunnskólanna.*

FÉLAGSÞJÓNUSTA

Stefna:

Sveitarfélagið Skagafjörður kappkostar að efla fjölskyldur til sjálfshjálpar og sjálfsábyrgðar. Áhersla er lögð á að veita þjónustu þannig að hún taki mið af mismunandi þörfum einstaklinga. Þjónusta og ráðgjöf starfseminnar byggir á fagmennsku og virðingu fyrir einstaklingum á öllum aldri. Félagspjónustan stuðlar að skilningi og virðingu fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og menningarheimum.

Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- *Stuðla að góðum og heilbrigðum uppvaxtarskilyrðum barna og tryggja fjölskyldum nauðsynlega aðstoð.*
- *Þjóða upp á félagslega ráðgjöf til fjölskyldna og einstaklinga á öllum æviskeiðum.*
- *Huga sérstaklega að ungmennum sem hætta í skóla fyrir 18 ára aldur og veita þeim sérstakan stuðning með ráðgjöf, vinnu eða starsþjálfun.*
- *Stuðla að fjölbreytni í búsetumöguleikum aldraðra og fatlaðs fólks.*

FRÍSTUNDAÞJÓNUSTA, FORVARNIR OG LÝÐHEILSA

Sveitarfélagið Skagafjörður vinnur með íþróttahreyfingunni og frjálsum félagasamtökum að fjölbreyttu frístundastarfi sem stendur íbúum sveitarfélagsins til boða. Fjölbreytt frístundastarf felur í sér forvarnir og eykur lífsgæði íbúa. Frístundaþjónustan leitast við að laða fólk á öllum aldri og af báðum kynjum til þess að nýta frítíma sinn til uppbyggilegrar þátttöku hvort sem er í tómstundum eða íþróttum. Lögð er áhersla á að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Jafnframt er lögð áhersla á gott samstarf við aðra þá aðila í samfélaginu sem bjóða upp á holla afþreyingu og stuðla að heilsuefningu og vellíðan íbúa.

Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- *Veita styrki til tómstunda, íþróttar og félagsstarfs barna, ungmenna og aldraðra.*
- *Efla forvarnir gegn neyslu vímuefna og stuðla að auknu samstarfi milli nefnda sveitarfélagsins, stofnana, félagasamtaka og foreldra.*
- *Auka þjónustu frístundastrætós*
- *Vinna að aukinni samþættingu hugmyndafræði Vinaverkefnisins við tómstunda- og íþróttastarf.*
- *Stuðla að aukinni samvinnu milli kynslóða.*
- *Auka kynningu á tómstundastarfi í sveitarfélaginu og hvetja fjölskyldur og einstaklinga til aukinnar þátttöku í tómstundastarfi.*
- *Nýta betur græn svæði í nærumhverfi til frístunda og útiveru.*

FRÆDSLUPJÓNUSTA

Stefna:

Sveitarfélagið Skagafjörður leggur sig fram um að vera í fremstu röð sem skólasamfélag og kappkostar að veita nemendum góða menntun og gott atlæti. Skólar í Skagafirði starfa saman þvert á skólastig og skólagerðir, með þá sýn að leiðarljósi að farsæl skólaganga sé ein mikilvægasta forsenda þess að einstaklingar fái notið hæfileika sinna sjálfum sér og samfélaginu til heilla. Í skólunum starfar vel menntaður hópur sérfræðinga sem kappkostar að veita viðeigandi stoðþjónustu þar sem hennar er þörf.

Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- *Að skólar í Skagafirði vinni stöðugt að endurbótum á kennslu og aðbúnaði nemenda.*

- Efla og virkja foreldra betur til ábyrgðar og þátttöku í skólastarfi barna sinna og stuðla að gagnkvæmri virðingu og skilningi á milli heimila og skóla.
- Stuðla að því að foreldrum standi til boða örugg daggæsla fyrir börn sín frá því er fæðingarorlofi lýkur og þar til skólaganga hefst.
- Koma til móts við ólíkar og fjölbreyttar þarfir nemenda með einstaklingsmiðaðri nálgun í námi.
- Að skólar í Skagafirði samræmi betur dagatal skólanna á starfstíma þeirra.
- Tryggja nemendum sem samfelldastan skóladag með því að tengja betur saman skipulag skóla og frístunda.
- Auka samstarf og samfellu á milli leik-, grunn-, og framhaldsskóla.
- Tengja betur saman tónlistarskóla og leik- og grunnskóla.
- Vinna markvisst gegn einelti og öðru ofbeldi sem börn mæta í sínu félagslega umhverfi, t.d. í gegnum Olweusaráætlunina, Vinaverkefnið og Vinaliðaverkefnið.
- Skipulag skólastarfs miði að því að nemendur ljúki sinni vinnu á skólatíma og stuðli þannig að aukinni samveru fjölskyldu og tómstundaiðkunar.
- Leggja metnað í að framfylgja skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

MENNING

Stefna:

Sveitarfélagið Skagafjörður er ríkt af menningu og sögu sem er stór hluti af ímynd Skagafjarðar. Fjölbreytt menning, bæði þeirra sem skapa og njóta, eykur lífsgæði og vellíðan fólks og er afar mikilvæg fyrir jákvæðan og uppbyggilegan samfélagsbrag. Mikilvægt er að íbúar geti notið menningar og lista á sem flestum sviðum í heimabyggð.

Ábyrgð: Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Skapa umgjörð fyrir fjölbreytta menningarstarfsemi sem virkar hvetjandi til þátttöku í list- og menningarstarfsemi.
- Styðja við og efla samvinnu safna og setra í héraðinu.
- Stuðla með markvissum hætti að aukinni þekkingu á sögu og menningu héraðsins í samvinnu við skóla og aðrar stofnanir.
- Styðja við sterka hefð hátíða og viðburða í sveitarfélaginu
- Styðja við fjölmenningu.
- Skapa farveg fyrir íbúa af erlendu bergi brotnu svo þeir fái notið sín til jafns við aðra íbúa.

ATVINNA

Stefna:

Sveitarfélagið Skagafjörður vinnur að því að viðhalda góðum búsetuskilyrðum í héraðinu með því að skapa atvinnustarfsemi eðlileg vaxtarskilyrði og stuðla að fleiri og fjölbreyttari störfum. Sveitarfélagið vinnur með atvinnulífínu að kynningu á kostum héraðsins fyrir hvers kyns atvinnustarfsemi.

Ábyrgð: Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Hafa jafnan fjölbreytt framboð af lóðum fyrir atvinnufyrirtæki.
- Vinna með fyrirtækjum í héraðinu að aukinni nýsköpun og fjölgun starfa.
- Skapa aðlaðandi umhverfi fyrir hvers kyns atvinnustarfsemi.

- *Efla tengsl á milli sveitarfélagsins, atvinnulífs og skóla.*
- *Stuðla að því að fjölskyldufólk geti samræmt atvinnu- og fjölskyldulíf með sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem við verður komið.*
- *Sveitarfélagið vinnur að eflingu samgangna og fjarskipta sem miðar að því að auðvelda atvinnusókn.*

UMHVERFI OG SKIPULAG

Stefna:

Sveitarfélagið Skagafjörður leggur áherslu á að skapa fjölskylduvænt umhverfi sem tekur mið af þörfum allra íbúa. Sérstaklega skal litið til þarfa barna og ungmenna, fatlaðs fólks og eldri borgara. Gott jafnvægi á milli þarfa fjölskyldunnar og atvinnulífsins er grundvöllur að góðu heildarskipulagi byggðar. Sveitarfélagið stefnir að því að verða fyrirmyndarsamfélag á sviði umhverfismála.

Ábyrgð: Veitu og framkvæmdasvið

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- *Fjölga grænum og skjólgóðum svæðum þar sem fjölskyldur geta stundað útvist og afþreyingu.*
- *Við ákvörðun um framkvæmdir skal sérstaklega hafa í huga gott aðgengi og virða þarfir barna, fatlaðs fólks og aldraðra íbúa sveitarfélagsins.*
- *Hlúa enn frekar að landvernd og skógrækt á útvistarsvæðum.*
- *Varðveita og kynna markvisst sögu- og menningarverðmæti sveitarfélagsins.*

SAMGÖNGUR

Stefna:

Sveitarfélagið Skagafjörður vill að samgöngukerfi sveitarfélagsins stuðli að greiðum samgöngum íbúa til og frá þeirri þjónustu sem í boði er fyrir íbúa svæðisins. Hér skal sérstaklega líta til þarfa fjölskyldufólks og aðgengis barna og unglinga að íþróttu og tómstundastarfi sem og skólasókn. Skipulag almenningsamgangna og skólaaksturs þarf að taka mið af þessum þörfum. Sveitarfélagið vill jafnframt stuðla að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum í þéttbýli árið um kring og gefa þannig fjölskyldum kost á að velja öruggar samgöngur, aðrar en einkabílinn.

Ábyrgð: Veitu og framkvæmdasvið

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- *Vinna að bættum almenningsamgöngum*
- *Hlúa betur að umferð gangandi og hjólandi fólks*
- *Bæta umferðaröryggi*
- *Vinna að heildstæðu skipulagi reiðvega*